

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar á fundi sínum 26. mars 2026 eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulag Torfa, svinabús (Sölvastaðir).

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Torfa, svinabús (núverandi heiti er Sölvastaðir, L232711). Í breytingunni felst að bætt er við 1.971 m² lóð fyrir starfsmannahús sunnan lóðar svinabús. Lóð og starfsmannahús tilheyra starfsemi svinabúsins og skal kvöð þess efnis þinglýst á lóðina sjálfa við stofnun hennar. Innan lóðar er skilgreindur byggingarreitur (D) og innan hans er heimilt að byggja starfsmannahús með grunnfleti allt að 170 m². Byggingin skal vera með mænispaki, með vegghæð að hámarki 3,0 m og mænishæð að hámarki 5,0 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Gert er ráð fyrir hreinsivirki fráveitu austan við lóðina. Staðsetning hreinsivirkis á skipulagsuppdrætti er ekki bindandi. Fyrir utan þessar breytingar gildir áfram greinargerð deiliskipulagsins sem öðlaðist gildi 25. nóvember 2019.

Ofangreind tillaga hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 30. mars 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. apríl 2026